

**Ed.**

## **516. Frumvarp til laga**

um erfðaábúð og óðalsrétt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 498 með þessari breytingu:

24. gr. hljóðar svo:

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í 1. kafla laga þessara, þar með talin hús og mannvirki, sem ættin á á jörðinni, enn fremur ættaróðul, erfist sem hér segir:

1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttindum meðan það lifir, sbr. þó 9. lið þessarar greinar.
2. Erfðaréttur erfist til barna, þar með talin kjörbörn, þess hjónanna, sem ábúðar- eða óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum.
3. Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnunum skal erfa ábúðar- eða óðalsréttinn, og skulu tilkynna það sýslumanni.
4. Verði hjón ekki ásátt um, hvert barnanna skuli hljóta réttinn, skulu börnin, eða forráðamenn þeirra, leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.
5. Náist ekki samkomulag eftir 3. og 4. lið, skal elzta barnið erfa réttinn. Af-sali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.
6. Nú hefir erfingi erfðaábúðar eða óðalsréttar ekki náð lögaldri þegar ábú-endaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stund-arsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörð-ina sjálfur til ábúðar.  
Á umráðamanni (eftirlifandi maka óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda meðan hann fer með það.
7. Óski ekkert barnanna að nota erfða- eða óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.
8. Nú deyr erfingi óðalsréttar ókvæntur og barnlaus og hefir ekki tekið kjör-barn, og öðlast þá systkini hans óðalsréttinn í réttri aldursröð. Nú eru syst-kinin dáið, og fellur þá rétturinn til barna þeirra eftir sömu reglum.
9. Nú deyr eringi ábúðar- eða óðalsréttar barnlaus, innan tíu ára frá því hann hefir tekið við ábyli sínu, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefir þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.
10. Deyi hjón barnlaus eða óski ekkert barnanna að nytja jörðina, sbr. 6. og 23. gr., skal sýslumaður byggja jörðina öðrum, og skal þá ætíð farið eftir til-lögu meiri hluta hreppsnefndar um það, hver jörðina fær.

Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefir til óðalsins, eða enginn af þeim, er rétt hafa til óðalsins, treystist að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og konu hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.